

**Landafræði NÁLÆ2AS05**  
**fjarnám**  
**Námsáætlun vorönn 2022**



<b>Kennari</b>	Svanlaugur Jónasson (svanlaugur@vma.is)	<b>Sk.st.</b>	SVJ
----------------	--	---------------	-----

**Áfangalýsing:** Í áfanganum er varpað ljósi á það hvernig maðurinn nýtir auðlindirnar en einungis sjálfbær nýting dugir til langframa. Umhverfisvernd er samofin sjálfbærri þróun en hvort tveggja er tekið fyrir. Ýmis lýðfræðihugtök eru kynnt og þjálfuð. Staðfræði er all stór hluti áfangans þar sem markmiðið er að vita hvar öll lönd heimsins liggja, þéttbýlisstaðir á Íslandi ásamt helstu fjörðum, eyjum, jöklum og leiðum. Lögð er áhersla á kortalæsi, kynnt eru helstu fyrirbærin í lofthjúpnum og hvernig vindakerfi jarðar ákvarða hvar helstu þurrka og úrkomsvæðin eru. Kynnt eru m.a. hin frjósömu jarðvegssvæði jarðar, græna byltingin og helstu gerðir landbúnaðar. Þróun landa og þróunarkvarðar eru teknir fyrir, iðnaður og viðskiptabandalög, borgvæðing og skipulagsmál. Nemandi vinnur sjálfstætt að lausn verkefna. Áhersla er lögð á tengingu við umhverfi og reynsluheim nemenda, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

**Markmið:**

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**

- sjálfbærri þróun
- bauganeti og tímabeltum jarðar
- hvernig möndulhalli jarðar orsakar árstíðirnar
- ákvarðandi þáttum varðandi fjólsfjölda og fjólsfjölgunar- og neysluvandmálum
- lýðfræðiferli, fjólsfjöldapýramíðum og helstu mælikvörðum á þróun landa
- vindakerfum jarðar og samspili við helstu þurrka- og úrkomsvæði jarðar
- Grænu byltingunni og áhrifum hennar
- helstu bandalögum sem Ísland tengist eða er hluti af
- helstu orsökum þéttbýlismyndunar

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- ræða og miðla hvað telst til sjálfbærrar þróunar og hvað ekki
- beita landakortum og rafrænum kortum til að lesa almennar upplýsingar
- beita ýmsum lýðfræðihugtökum, t.d. náttúruleg fólksfjölgun, fólksfjölgun, frjósemi, ungbarnadauði, lífslíkur og þéttbýlisstig
- skoða heiminn í ljósi beltaskiptingar hvað varðar þurr og vot svæði og tengsl við vindakerfi jarðar
- skoða atvinnugreinar og staðarval þeirra

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- tileinka sér gagnrýna hugsun og sjálfstæð vinnubrögð
- afla og meta heimildir og nýta þær í hagnýtum tilgangi
- nýta sér kortalykil t.d. til að finna út stærð þéttbýliskjarna, hæð og vegalengdir
- útskýra lýðfræðihugtök og tengja við sjálfbæra þróun
- greina, hagnýta og meta upplýsingar í margskonar formi (töluðu, rituðu og/eða myndrænu)
- tengja viðfangsefni áfangans við daglegt líf og umhverfi og gera sér grein fyrir notagildi hennar

**Námsgögn:** Landafræði, maðurinn – auðlindirnar – umhverfið. Þýdd af Jónasi Helgasyni. Mál og menning (Edda útgáfa) 2009.

**Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:**

Vika	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/ verkefni	Vægi
3-4	<b>1. Landafræði - allt um heiminn (8 - 31)</b> M.a. um auðlinda-nýtingu, hringrásir og sjálfbæra þróun. Kjarnasvæði – jaðarsvæði.  Kort: bauganet, kortavarpanir, hæðarlínur. Heimsmýndin í tímans rás. Íslandskort og kortasaga.	Skilaverkefni úr kafla 1	3%
5	<b>2. Jörðin – reikistjarnan okkar (32 - 39).</b> Ýmis lykilatríði fyrir tilvist lífs á jörðinni. Árstíðirnar og möndulhallinn. Tímabeltin og tímamunur.	Skilaverkefni úr kafla 2  Gagnvirk æfing á Moodle (k. 1-2)  Staðfræði-verkefni - heimurinn	3%  2%  3%
6	<b>3. Mannkynið og búsetan (40 - 68).</b> Tengsl ýmissa lífsskilyrða og þéttbýlis. Fólksfjöldapróun í heiminum og hvernig hún er tengd m.a. velmegun og menntun. Hugtök í lýðfræði kynnt: mannfjöldapíramídar, frjósemisstuðull, náttúruleg fólksfjölgun. Fólksflutningar, þjóðir og landamæri. Íbúar landsins okkar.	Skilaverkefni úr 3. kafla  Staðfræði-verkefni - Ísland	3%  3%
7-8	<b>4. Jarðskorpan (69 – 123)</b> Um innri gerð jarðar, landrek, eldvirkni og jarðskjálfta, heita reiti og dyngjur (sbr. Hawaii og Ísland), móbergshöf, fellingsfjallamyndanir, helstu bergtegundir og berggrunnstýjar.	Tvö skilaverkefni  Gagnvirk æfing á Moodle (k.4)	6%  2%
9-10	<b>5. Vatnið – lífsnauðsynleg auðlind (124 - 159).</b> Við sleppum þessum kafla nema bls. 130-131 sem koma inn á tvö megin-vandamál mannkyns, þ.e. flóð og jarðvegseyðingu. Einnig bls. 138 sem kemur inn á endurbætta nýtingu vatnsins.  <b>6. Veður, loftslag og gróðurfar (160 – 201)</b> Fellibyljir, lofthjúpur jarðar, vindakerfin, hiti, úrkoma, úrkomutegundir, loftslagsbelti. El Ninjó, hitahvörf, loftslagsbreytingar. Gróðurbelti jarðar. Gróður og jarðvegur á Íslandi.	Skilaverkefni úr kafla 6  Gagnvirk æfing á Moodle (k. 6)  Tvöfalt skilaverkefni - verkefni/próf + staðfræði	3%  2%  6%

**Landfræði NÁLÆ2AS05**  
**fjarnám**  
**Námsáætlun vorönn 2022**



11	<b>7. Lifað af landinu (202 - 231).</b> Um jarðveginn, loftslagið og aðgengi vatns til ræktunar. Sjö greinar landbúnaðar. Íslenskur landbúnaður. <b>Kynning á landi</b>	Skilaverkefni úr kafla 7  Nemendur undirbúa hlaðvarp. - skil í viku 12.	3%  10%
12	<b>11. Ein jörð – margir heimar (312 - 337).</b> Iðnríki – þróunarlönd. Grunnstoðir, þróunarkvarðar, einkenni, kröfur þróunarlandanna á iðnríkin. Frumkvöðlar. Íslensk þróunarsamvinna.	Skilaverkefni úr kafla 11  Gagnvirk æfing á Moodle (k.7 og 11)	3%  2%
13	<b>8. Iðnaður, viðskipti og samgöngur (232 - 265).</b> Greinar atvinnulífsins, staðarval iðnaðar, alþjóðavæðing. Nauðsyn viðskipta, viðskiptasamningar og bandalög. Þróunarþríhyrningurinn. Val á flutningatækjum. Iðnaður og þjónusta á Íslandi.	Skilaverkefni úr kafla 8  Gagnvirk æfing á Moodle (k. 8)	3%  2%
14	Páskafri		
15	<b>9. Borgir, borgarumhverfi og skipulag (266-285)</b> Borgvæðing og þéttbýlisstig. Borgir í gegnum tíðina. Mismunandi gerðir borga. Þéttbýlismyndun á Íslandi.	Skilaverkefni úr kafla 9	3%
16	Upprifjun og ábendingar fyrir lokapróf		

Nr.: GAT-045  
Útgáfa: 11  
Dags.:27.11.2019  
Höfundur: Áfangastjórar  
Samþykkt: Skólameistari  
Síða 5 af 5

**Landfræði NÁLÆ2AS05**  
**fjarnám**  
**Námsáætlun vorönn 2022**




**Námsmat og vægi námsmatsþátta:**

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Tímaverkefni	12 skilaverkefni + 2 staðfræðiverkefni. 10 bestu skilaverkefnin gilda	30%	
Gagnvirk verkefni	5 gagnvirkar æfingar á Moodle	10%	
Hlaðvarp	Kynning á landi	10%	
Lokapróf	Skriflegt lokapróf í prófatíð í lok annar	50%	
	<b>Samtals:</b>	<b>100%</b>	
<b>Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.</b>			
<b>Annað:</b>			

**Annað sem kennari vill að komi fram.**

Í ljósi aðstæðna í samfélaginu vegna Covid 19 þá má gera ráð fyrir að einhverjar breytingar geti orðið á námsáætlun.

Dagsetning: 14.01.2022

  
Undirritun kennara

  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils